

Skógræktarfélag

Hafnarfjarðar

V. Kaldárselsveg Hafnarfirði . Kt. 600269-4109, sími 555-6455, Tölvupóst. skoghf@simnet.is

Hafnarfirði 7.4.2021

Umhverfis og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar

Helga Ingólfssdóttir

Afrit sent á Sigurð Haraldsson sviðsstjóra umhv. og framkv.

Málefni

Útivistarperlan í Gráhelluskógi

Sæl Helga.

Skógræktarfélagið lýsir áhyggjum sínum vegna seinagangs við lagningu göngustígs sunnan megin út úr Gráhelluskógi.

Félagið stóð í þeirri meiningu að leggja ætti stíginn haustið 2020 Félagið óskar eftir skýringu á þeirri töf sem orðið hefur á framkvæmdinni.

Núverandi ástand með stíginn lokaðan til suðurs er algerlega óviðunandi fyrir útivistarfólk sem vill nýta skóginn til útivistar.

Einnig er algerlega óásættanlegt að hindra aðgengi að skóginum sunnan megin með tilliti til þarfa félagsins til að þjónusta skóginn.

Einnig skal bent á að komi upp sú staða að kalla þurfi til sjúkrabíl eða komi upp eldur í skóginum þá er útilokað við núverandi aðstæður að komast með góðu móti inn í skóginn.

Á meðan þetta ástand varir þarf útivistarfólk stöðugt að þola ávirðingar frá hestamönnum sem telja sig eiga allan rétt á svæðinu.

Félagið krefst þess að gengið verði án tafar frá spjöllunum sem unnin voru á stígnum í haust og farið verði í það leggja nýja stíginn.

Til að hindra að hestamenn noti göngustíginn mætti setja hindrun á sama hátt og gert er við gömlu matjurtagarðana upp á hæðinni við Vatnshlíðina.

Eins og fram kemur í bréfi til þín þ 14.11.2020 er ætlunin að setja upp svokölluð skógarskilti við innganginn í skóginn, skiltin eru tilbúin til uppsetningar og bíða bara eftir að lagning stígsins klárast.

Skógræktin er ávalt tilbúin til samvinnu um allt sem lýtur að því að gera Gráhelluskóg að fjölskylduvænni útivistarparadís.

Með von um góða samvinnu,

Sigurður Einarsson formaður, sig.e@arkitekt.is



Steinar Björgvinsson framkvæmdastjóri, steinsh@mmedia.is



Magnús Helgason formaður nefndar um Gráhelluskóg,

magnushelgason0@gmail.com